

Samkvæmt lögum og reglugerðum mega merkingar á umbúðum fódurs ekki vera villandi fyrir kaupendur vörunnar, sérstaklega hvað varðar eiginleika fódursins, samsetningu, geymslupól og fleira. Einnig má ekki taka fram eiginleika sem ætla má að allt sambærilegt fóður hafi.

Merkingar skulu vera greinilegar, auðlæsilegar og á opinberu máli þess lands þar sem varan er seld.

Fyrirtæki eða einstaklingar sem setja fóður á markað eru jafnframt ábyrg fyrir merkingum þess.

Í merkingum eða leiðbeiningum með fódri má ekki taka fram að það lækni, komi í veg fyrir eða lini ákveðna sjúkdóma eða heilsufarsvandamál.

Upplýsingar sem eiga að vera á öllu fódri

- Gerð fódurs skal tekin fram (fóðurefni, heilfóður, fódurbætir o.s.f.).
- Heiti og heimilisfang fyrirtækisins sem er ábyrgt fyrir merkingunum, samkvæmt skráningu Matvælastofnunar.
- Lotunúmer (framleiðslunúmer) fódursins
- Nettóþyngd eða rúmmál, sé um vökva að ræða.
- Listi yfir aukefni í fódri.

Upplýsingar sem eiga að vera á öllum fódurblöndum

- Tegundir og gerð dýra sem fódrið er ætlað
- Leiðbeiningar um notkun fódursins
- Heiti og heimilisfang framleiðanda, eða samþykkisnúmer hans, sé framleiðandi annar en sá sem ábyrgist merkingar fódursins.
- Geymslupól, notist fyrir dagsetningu, eða best fyrir mánuður.
- Hráefnalisti fyrir fódrið sem ber fyrirsögnina "samsett af". Þar skulu koma fram heiti allra hráefna sem eru í fódri í fallandi röð eftir magni.
- Í heilfóðri skal taka fram hlutföll próteina, trefja, fitu og ösku. Einnig skal taka fram öll viðbætt aukefni.

Upplýsingar um erfðabreytt hráefni í fódri

Auk þess að uppfylla ákvæði reglugerðar um merkingu fódurs skal erfðabreytt fóður sem fellur undir reglugerð þessa uppfylla eftirtalin skilyrði:

- þar sem fóður samanstendur af eða inniheldur erfðabreyttar lífverur skulu orðin „erfðabreytt (nafn á lífverunni)“ koma fram innan sviga strax á eftir fódurheiti;
- þar sem fóður er framleitt úr erfðabreyttum lífverum eða inniheldur innihaldsefni framleitt úr erfðabreyttum lífverum, skal „framleitt úr erfðabreyttu (nafn á lífverunni)“ koma fram innan sviga strax á eftir fódurheiti;
- upplýsingarnar sem vísað er til í liðum a og b mega koma fram í neðanmálsgrein við innihaldslýsingu. Í því tilviki skal prenta þær með letri sem er að minnsta kosti jafnstórt og letrið á innihaldslýsingu fódursins eða forblöndunni. Þar sem innihaldslýsing er óþörf skulu þær koma greinilega fram á merkingunni;
- þar sem fódri er dreift án umbúða skulu upplýsingar sem kafa er gerð um í þessari grein ávallt vera sýnilegar á fylgiskjöllum.

Hafi fódurfyrirtæki ekki uppfyllt kröfur um merkingar erfðabreytts fódurs samkvæmt reglugerð þessari er dreifingaraðila heimilt að merkja fódrið í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar enda liggi fyrir staðfesting á efnainnihaldi fódursins frá fódurfyrirtækinu.